

1939 nr. 21 12. júní**Lög um ostrurækt**

Tóku gildi 12. júlí 1939. Breytt með l. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnsvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ráðherra]¹⁾ skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hvers konar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Enn fremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

□ Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiskatekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og enn fremur, að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt nytjavænlega hér við land.

¹⁾ L. 126/2011, 15. gr.

■ **2. gr.** Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi [ráðherra].¹⁾

□ Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og

til ákveðins árafjölda. Enn fremur getur [ráðherra]¹⁾ sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

¹⁾ L. 126/2011, 15. gr.

■ **3. gr.** Sérhver, sem á land eða hefur land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir af hálfu leyfishafa. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

□ Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

■ **4. gr.** Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móður-dýr) öllum innflutningsgjöldum.

■ **5. gr.** [Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum . . .]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr. ²⁾ L. 116/1990, 22. gr.